

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að samninganefnd Reykjavíkurborgar komi reglulega fyrir borgarráð til að upplýsa um stöðu kjarasamningaviðræðna - R19110385

Lagt er til að samninganefnd Reykjavíkurborgar komi reglulega inn í borgarráð til að upplýsa um stöðu kjarasamningaviðræðna.

Greinargerð:

Líkt og framkemur í erindisbréfi samninganefndar Reykjavíkurborgar starfar samninganefndin í umboði borgarstjóra sem setur henni erindisbréf. Borgarráð fól borgarstjóra hinn 28. febrúar 1989 að fara með samningsumboð Reykjavíkurborgar og annast samningsgerð f.h. Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélag starfsmanna. Samninganefnd hefur það hlutverk að koma að undirbúningi kjarasamningsviðræðna við viðsemjendur, koma að vinnu í samningsviðræðum eftir faghópum og sinna verkefnum samstarfsnefnda stéttarfélaga á gildistíma kjarasamninga. Í fyrri umræðu fjárhagsáætlunargerðar spurði undirrituð út í stöðu á kjarasamningaviðræðum á milli Reykjavíkurborgar og Eflingar og fékk nýlega þau svör að samtöl væru í gangi milli Reykjavíkurborgar og Eflingar og að ekki væri hægt að skýra nánar frá viðræðum að svo stöddu. Ferlið er orðið mjög ógagnsætt þegar borgarfulltrúar eru ekki meðvitaðir um stöðuna og samninganefnd fer með umboðið til viðræðna án aðkomu borgarstjórnar. Ef að málið tengist því að gæta þarf að trúnaði er minnt á það að í borgarráði er fullur trúnaður.